



Reykjanesbær, 8. nóvember 2022
Mál nr. 2021120037

Til: Bæjarráðs Reykjanesbæjar
Frá: Sviðsstjóra velferðarsviðs og teymisstjóra í barnaverndarþjónustu

Efni: Vegna stofnunar sameiginlegs umdæmisráðs

Hinn 13. júní 2021 samþykkti Alþingi breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 sem fólu í sér viðamiklar breytingar á eðli og starfi barnaverndarnefnda. Samkvæmt þeim taka ný umdæmisráð við hlutverki barnaverndarnefnda. Upphaflega áttu umdæmisráðin að taka til starfa 28. maí 2022 en var frestað til 1. janúar 2023 með frumvarpi sem samþykkt var á Alþingi 29. apríl sl. Þótt ný lög gæfu rýmri tíma til undirbúnings nýrra barnaverndarþjónustu og umdæmisráða barnaverndar lagði mennta- og barnamálaráðuneytið áherslu á að sveitarfélög nýttu þann tíma vel og gert væri ráð fyrir að stofnun umdæmisráða barnaverndar yrði lokið 1. október 2022.

Sviðsstjórar velferðarsviða á Suðurnesjum hafa nú fundað og átt samráð við sveitarfélögin á landsbyggðinni og í Kraganum um rekstur umdæmisráða. Umræðan hafði á fyrstu stigum verið á þá leið að sveitarfélögin færu af stað í stofnun umdæmisráða eins og þau teldu farsælast. Þróaðist samtalið á þá leið að umdæmisráðin yrðu færri fremur en fleiri. Eftir stóð að Reykjavík stofnaði sitt eigið umdæmisráð, Landsbyggðin eitt og Kraginn eitt. Töldu Suðurnesin sig mögulega eiga mestu samleiðina með Kraganum í þessum málum. Bæði vegna landfræðilegrar staðsetningar og vegna fjölda mála sem hafa farið til úrskurðar og munu væntanlega fara fyrir umdæmisráð skv. nýju verklagi. Þá mætti einnig búast við háum ferða- og rekstrarkostnaði mála sbr. viðauka II við samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni ef Suðurnesin færu í samstarf með landsbyggðinni.

Þann 13. október sl. fengu sveitarfélögin á Suðurnesjum ásamt Árborg tilkynningu frá Kraganum um að búið væri að taka ákvörðun um að aðeins aðildarsveitarfélög samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu/SSH muni standa að rekstri umdæmisráðs þess svæðis. Í framhaldi leitaði Árborg til Reykjanesbæjar og óskaði eftir því að skoða mögulegar forsendur til samstarfs. Sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins og Kragans standa enn til boða að ganga til samninga við landsbyggðina á sömu forsendum og fjallað var um á 1385. fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar þann 15. september sl.

Margt er enn óljóst um það hvornig rekstri umdæmisráða á Íslandi verður háttáð og ljóst að þau sveitarfélög sem hafa ákveðið að standa saman að rekstri eiga margt óleyst. Það er því niðurstaða sviðsstjóra velferðarsviða á Suðurnesjum að ákjósanlegast sé að stofna sameiginlegt umdæmisráð fyrir Suðurnesin og bjóða Árborg að taka þátt í þeim rekstri. Óskað hefur verið eftir því við framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) að samtökin með samningi við sveitarfélögin sem standa að sameiginlegu umdæmisráði útvegi fundaraðstöðu og taki að sér tilfallandi umsýslu.



Lagt er til að bæjarráð Reykjanesbæjar gangi til samninga við Suðurnesjabæ og Voga og Grindavík um rekstur umdæmisráðs. Þá er einnig lagt til að Árborg verði boðin aðild að samningnum. Jafnframt er óskað eftir því að sviðsstjóri velferðarsviðs verði tilnefndur fyrir hönd sveitarfélagsins í valnefnd umdæmisráðs barnaverndar. Valnefndin starfar í umboði sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að umdæmisráði barnaverndar á Suðurnesjum og í Árborg. Hlutverk nefndarinnar er að velja ráðsmenn í umdæmisráð, skipa nýja ráðsmenn á tímabilinu gerist þess þörf og fjalla um hugsanlegt vanhæfi ráðsmanns komi upp vafi um hæfi skipaðs ráðsmeðlims. Valnefnd fundar minnst tvisvar sinnum á ári en oftar ef þurfa þykir. Seta í valnefndinni er ólaunuð.

Virðingarfyllst

Þórdís Elín Kristinsdóttir
Teymisstjóri barnaverndarteymis

og

Hera Ósk Einarsdóttir
Sviðsstjóri Velferðarsviðs